



**Kæru félagar,**

Ég heiti Sigurjón Sigurðsson og býð mig fram til framkvæmdastjórnar ÍSí á komandi íþróttapiingi þann 16 maí.

Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að starfa innan íþróttahreyfingarinnar stærstan hluta ævi minnar, bæði sem iðkandi og stjórnarmaður, en hvað lengst sem formaður HK. Á rúmlega 30 ára tímabili hef ég tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum á sviði bæði grasrótarstarfs og afreksíþróttar og hef þannig öðlast djúpan skilning á því mikilvæga starfi sem fer fram innan íþróttafélaganna.

Ég tel að reynsla mín og þekking geti nýst vel til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru í íþróttahreyfingunni og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem felast í sameiginlegum krafti okkar allra. Í því samhengi tel ég afar mikilvægt að við höldum áfram að vinna eftir skýrri og samstilltri stefnu, þar sem öll íþróttahéruð, sársambönd og aðrir hagaðilar róa í sömu átt.

Ég bý yfir breiðri þekkingu sem getur nýst á mörgum sviðum í starfi framkvæmdastjórnar ÍSí. Íþróttahreyfingin á stóran sess í mínu hjarta og hef bæði vilja og metnað til að halda áfram að leggja mitt af mörkum í hennar þágu.

Við getum öll verið sammála um að íþróttir gegna lykilhlutverki í íslensku samfélagi sem vettvangur heilsuefningar, félagslegrar samveru og persónulegs þroska.

**Reynsla og styrkleikar mínir felast í :**

- **Þekkingu og innsýn í rekstri íþróttafélaga**, með sérstakri áherslu á áskoranir sem tengjast bæði uppeldisstarfi og afreksíþróttum.
- **Margra ára reynslu af þátttöku í þróun og framkvæmd uppbyggingar á íþróttamannvirkjum**, í nánú samstarfi við sveitarfélag.
- **Víðtækri þekkingu á rekstri og stefnumótun í atvinnulífinu**, meðal annars í núverandi hlutverki sem stjórnarformaður Extón ehf.

**Áherslur mínar eru að :**

- **Skilgreina og styrkja hlutverk ólíkra eininga innan íþróttahreyfingarinnar,** með það að markmiði að bæta samstarf, samheldni og tenginguna við grasrótina.
- **Auka skilvirkni og fagmennsku í stjórnsýslu og framkvæmd hreyfingarinnar,** þannig að stuðningur við félög og grasrót verði markvissari og aðgengilegri.
- **Stuðla að aukinni viðurkenningu á mikilvægi íþróttastarfs fyrir samfélagið,** með því að varpa ljósi á framlag hreyfingarinnar til heilsu, velferðar og félagslegra tengsla.

**Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum að áframhaldandi framgangi íþróttahreyfingarinnar og þætti vænt um að fá ykkar stuðning.**

**Sigurjón Sigurðsson, 840-4507**

**Stjórnarmaður UMSK**